

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 3/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1. gr.

Um gjaldskyldu.

Þeir aðilar sem hafa undir höndum starfsemi samkvæmt 2. gr. 1. nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. einnig 90. gr. þeirra laga, skulu greiða í ríkissjóð iðgjöld samkvæmt reglugerð þessari.

Undanskilin gjaldskyldu eru laun sjómanna, kafara og áhafna flugvéla sbr. 2. mgr. 2. gr. 1. nr. 46/1980.

Iðnmeistarar skulu greiða iðgjöld vegna iðnnema á samningi en iðnskólar vegna iðnnema sem ekki eru á samningi við meistarara.

Gjaldskyldan nær til bænda vegna þeirra sjálfra, maka þeirra og barna 12—16 ára svo og til atvinnurekenda er starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum og skiptir ekki máli þó þeir undanskilji sig slysatryggingu með áritun á skattframtal.

2. gr.

Gjaldstofn.

Gjaldstofn iðgjalda gjaldskyldra aðila skv. 1. gr. skal ákvarðaður á sama hátt og gjaldstofn vegna iðgjalds til slysatrygginga skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum sbr. 5. gr. 1. nr. 59/1978. Gjaldstofninn skal þannig vera öll greidd vinnulaun hverju nafni sem nefnast og þær greiðslur sem jafna má til launagreiðslna.

Hjá þeim aðilum sem greinir í 3. og 4. mgr. 1. gr. skal stofninn ákvarðaður eftir sömu reglum og greinir í lögum nr. 14/1965 um launaskatt með síðari breytingum og reglugerðum og starfsreglum sem settar eru með stoð í þeim lögum sbr. og eftir því sem við eiga ákvæði B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum sbr. reglugerð nr. 336/1976.

3. gr.

Gjaldstig.

Hundraðshluti iðgjalds á árinu 1981, vegna tekjuársins 1980, skal nema 0,0896 af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Um álagningu.

Iðgjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu lögð á af skattstjórum og færð á skattskrá.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu.

Iðgjöld skulu innheimt af þeim aðilum sem innheimta tekju- og eignarskatt og gilda ákvæði laga nr. 40/1978 um tekju- og eignarskatt með síðari breytingum um þau, þ. á m. um gjalddaga, dráttarvexti og lögtaksrétt.

Vinnueftirlit ríkisins innheimtir sjálf t iðgjöld sem ríkissjóði ber að greiða.

6. gr.

Um ráðstöfun tekna af iðgjaldi.

Iðgjöld þau sem innheimt verða samkvæmt reglugerð þessari skulu renna til reksturs Vinnueftirlits ríkisins.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 77. gr. laga nr. 46/1980 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 24. mars 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1981:

Fiskmjöl, \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðin miðast við cif. og gerast upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. mars 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.